



Fjármálaeftirlitið, apríl 2007

## Athugun Fjármálaeftirlitsins á reiknigrundvelli líftrygginga

### 1 Inngangur

Fjármálaeftirlitið kannaði forsendur reiknigrundvallar í dánaráhættulíftryggingum hjá fjórum innlendum líftryggingafélögum. Könnunin fór fram með spurningum og heimsóknum til félaganna, auk athugunar á reglubundnum innsendum gögnum.

Skv. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994 laga um váttryggingastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með iðgjaldagrundvelli váttrygginga með það fyrir augum að iðgjöld, sem í boði eru hér á landi, séu sanngjörn í garð váttryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í váttryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað.

Nokkur ákvæði í áðurnefndum lögum um váttryggingastarfsemi fjalla sérstaklega um starfsemi líftryggingafélaga, sem byggist á félagslegum einkennum líftrygginga. Þannig kveður áðurnefnd 2. mgr. 55. gr. á um að fullnægjandi gögn um reiknigrundvöll líftrygginga og heilsutrygginga, svo og breytingar á þeim skulu lögð fyrir Fjármálaeftirlitið fyrir fram og áður en þessir greinaflokkar eru boðnir á váttryggingamarkaði. Jafnframt kveður 37. gr. á um að líftryggingafélag skuli tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, eða sérfræðings með sambærilega þekkingu. Hann skal reikna út líftryggingaskuld félagsins og fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og gjaldfrjálsra líftrygginga. Sambærileg ákvæði er ekki að finna um skaðatryggingar.

Fjármálaeftirlitið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við iðgjaldagrundvöll líftrygginga og fellst á röksemdir félaganna fyrir því að nú séu ekki réttar aðstæður til heildarendurskoðunar. Fjármálaeftirlitið telur hins vegar ástæðu til að gera grein fyrir helstu niðurstöðum athugunarinnar hér og vill með því leggja áherslu á að líftryggingafélagin fylgist með aðstæðum og lækki iðgjöld, gefist til þess tilefni.

Þau atriði sem Fjármálaeftirlitið beinir til líftryggingafélaganna að þau taki til skoðunar, eftir atvikum öll eða sum þeirra, eru eftirfarandi:

1. Líftryggingafélög skulu leitast við að breyta iðgjaldaskrá einn fljótt og hægt er eftir að nýjar forsendur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið samþykktar og gefnar út.



2. Tryggingastærðfræðingar félaganna skulu árlega gera grein fyrir samanburði á raunverulegri þróun dauðsfalla í líftryggingastofni við forsendur félagsins um dánarlíkur.
3. Kjósi líftryggingafélag að úthluta ágóðahlutdeild (bónus) í kjölfar breytinga á forsendum fremur en að lækka iðgjöldin skulu reglur um slíkt vera skýrar og gegnsæjar. Árlega skal tryggingastærðfræðingur gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hvernig reglum um ágóðaúthlutun hefur verið beitt. Gæta skal þess að slík ágóðahlutdeild sé greind frá afsláttarkjörum sem viðskiptavinum bjóðast.
4. Líftryggingafélög skulu árlega gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hvernig þau hyggjast takmarka brottfall samninga og skal tryggingastærðfræðingur leggja mat á raunhæft markmið um eðlilegt brottfallshlutfall, hafi því ekki verið náð, og hvaða áhrif brottfallið hefur á mat iðgjalda.
5. Tryggingastærðfræðingar félaganna skulu árlega gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir samanburði á forsendum um sölukostnað í iðgjaldagrundvelli við raunverulegan sölukostnað.

Í kjölfar fyrrgreindra ábendinga mun Fjármálaeftirlitið gefa út nýjar leiðbeiningar um árlega skýrslu tryggingastærðfræðings líftryggingafélags til eftirlitsins. Til eru leiðbeiningar, gefnar út af Vátryggingaeftirlitinu, frá febrúar 1998 sem tímabært er að endurskoða.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka þætti í starfsemi líftryggingafélaga og hvaða áhrif þeir hafa á aðstæður til endurskoðunar iðgjalda. Vakin er athygli á að athugun Fjármálaeftirlitsins beindist fyrst og fremst að hreinum dánaráhættulíftryggingum. Heilsutryggingar og söfnunarlíftryggingar eiga sér mun skemmri sögu og eru forsendur heilsutrygginga nær eingöngu byggðar á sjúkdómalíkum sem endurtryggingafélög útvega.

## 2 Forsendur líftryggingafélaga um dánarlíkur

### 2.1 Staðalforsendur

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) gefur reglulega út staðlaðar forsendur um dánarlíkur íslensku þjóðarinnar. Líkurnar eru reiknaðar út frá tölum sem Hagstofa Íslands tekur saman um aldursamsetningu og aldur við andlát. M.a. er kveðið á um að þessar forsendur skuli notaðar í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða í reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Venjulega byggjast dánarlíkurnar á gögnum yfir 5 ára tímabil, nýjustu líkurnar byggjast á tímabilinu 2001-2005.

Ekki eru sambærileg ákvæði um notkun á stöðluðum forsendur FÍT í lögum um vátryggingastarfsemi. Hefðin hefur hins vegar verið sú að félögin nota þær forsendur í stað þess að byggja á eigin útreikningum. Nokkur tími getur hins vegar liðið þar til félögin breyta iðgjöldum.



Fjármálaeftirlitið beinir því til líftryggingafélaga að iðgjöld séu endurskoðuð eins fljótt og hægt er eftir að FÍT hefur breytt forsendum sínum. Í því samhengi má benda á að staðalforsendur FÍT byggjast á stöðunni eins og hún er á tilteknu árabili eins og áður er getið. Í forsendunum er ekki gert ráð fyrir þeirri þróun sem orðið hefur á síðustu áratugum og öldum, þ.e. að lífslíkur fólks eru stöðugt að aukast. Þar sem líftryggingasamningar eru oftast gerðir til langs tíma er því eðlilegt að breytingar sem verða á lífslíkum líftryggðra á tímabilinu komi líftryggingatökum til góða.

## **2.2 Eigin forsendur líftryggingafélaga**

Umsækjendur um líftryggingar þurfa að uppfylla margvísleg skilyrði um heilsufar og svara ýmsum spurningum áður en líftryggingafélagið samþykkir samninginn. Því má gera ráð fyrir að dánarlíkur líftryggðra séu heldur lægri en dánarlíkur þjóðarinnar.

Fjármálaeftirlitið spurði líftryggingafélögin um þetta atriði, þ.e. hvort þau teldu að hægt væri að miða við eigin reynslu félagsins í stað þess að miða við dánarlíkur allrar þjóðarinnar. Svörin voru öll á þá leið að stærð stofnsins væri ekki nægileg til að byggja á reynslu. Fjöldi árlegra dauðsfalla í heild hleypur á nokkrum tugum hjá stærstu félögum og því erfitt að reikna líkur á andláti á hverju aldursári.

Sum félög benda líka á að iðgjaldaskrá er háð samþykki endurtryggjenda og verði ekki breytt nema að undangengnum samningum við endurtryggjendur. Má segja að þetta atriði einkenni líftryggingamarkaðinn í heild, þar sem félögin eru örsmá á alþjóðlegan mælikvarða og reiða sig því mjög á endurtryggjendur.

Fjármálaeftirlitið mun hins vegar í framtíðinni gera auknar kröfur til að tryggingastærðfræðingar líftryggingafélaganna geri eftirlitinu grein fyrir samanburði á þróun stofnins við forsendur um dánarlíkur. Eftirlitið mun leggja aukna áherslu á að skoða þennan þátt í árlegum skýrslum tryggingastærðfræðinga.

## **2.3 Möguleikar líftryggingafélaga til breytinga iðgjalda eða ágóðaúthlutunar**

Í svörum líftryggingafélaganna kemur m.a. fram að þar sem líftryggingar séu langtímaskuldbindingar, sé félagið bundið af því iðgjaldi sem tryggingin hefur verið seld á, nema til komi varanleg breyting á áhættuþáttum sem breytt geta afkomu tryggingarinnar varanlega.

Telja verður að breytingar á dánarlíkum sem verða vegna bættrar heilsu eða lífshátta og þróunar í læknávisindum séu varanlegar. Því ætti ekkert að mæla á móti því að iðgjöldum sé breytt við þær aðstæður.

Telji líftryggingafélag hins vegar að ekki sé réttlætanlegt að lækka iðgjöld má láta líftryggingataka njóta breytinganna með aukinni ágóðahlutdeild. Félögin hafa nýtt sér þá leið að einhverju marki, en Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að reglur um ágóðahlutdeild



séu skýrar og gegnsæjar svo að tryggingastærðfræðingur geti gegnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við 2. mgr. 37. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

### 3 Brottfall samninga

Eitt af því sem dregið getur úr hagnaði líftryggingafélaga og gert þeim þar með erfiðara um vik að lækka iðgjöldin, eru samningar sem sagt er upp áður en öflun þeirra hefur svarað kostnaði.

Fjármálaeftirlitið spurði líftryggingafélögin um afstöðu þeirra til brottfalls samninga, hvernig þróunin hefði verið og hvort og þá hvernig það hefði haft áhrif á iðgjöldin.

Félögin viðurkenna að brottfall hafi á síðustu árum verið hátt en nokkur þeirra segjast vera að vinna í aðgerðum sem draga eiga úr brottfalli.

Fjármálaeftirlitið telur að félögin hafi nokkurt svigrúm til að draga úr brottfalli með ýmsum aðgerðum, þ.á m. með bættem vinnubrögðum í sölu og bættri upplýsingagjöf til líftryggingataka.

Aldrei verður þó alveg hægt að koma í veg fyrir brottfall og er það því áhættuþáttur sem reikna þarf með við ákvörðun iðgjalds.

### 4 Sölu­kostnaður

Við skoðun á ársreikningum líftryggingafélaga á undanförunum árum sést að rekstrarkostnaður, þ.m.t. sölu­kostnaður hefur verið stór þáttur í rekstrarreikningi þeirra og oft hærri fjárhæð en líftryggingabætur. Fallast má að líftryggingar séu þess eðlis að óhjákvæmilegt sé í mörgum tilvikum að komast hjá fyrirhöfn við sölu þeirra.

Fjármálaeftirlitið gerir því ekki athugasemdir við fjárhæð sölu­kostnaðar. Mikilvægt er að forsendur um sölu­kostnað komi fram í ákvörðunum iðgjalda. Leggur Fjármálaeftirlitið jafnframt áherslu á að þær forsendur séu bornar saman við raunverulegan sölu­kostnað.

### 5 Ágóðaúthlutun

Í 2. mgr. 25. gr. laga um váttryggingastarfsemi segir að við umsókn um starfsleyfi líftryggingafélags skuli þess gætt að reglur um ágóða­hlutdeild skuli vera skýrar og nákvæmar. Reglurnar skuli eins og reiknigrundvöllur vera tryggar en sanngjarnar í garð líftryggingataka og rétthafa. Eins og áður segir kveður 2. mgr. 37. gr. síðan á um skyldur tryggingastærðfræðings varðandi það að reglunum sé fylgt.

Af svörum líftryggingafélaganna við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins má ráða að þau líti á afslætti til viðskiptavina, t.d. vegna þess að þeir eru með aðrar váttryggingar í skaðatryggingafélögum í samstæðum félaganna, sem úthlutun ágóða. Fjármálaeftirlitið leggst ekki gegn veitingu slíkra afslátta en leggur áherslu á að ekki sé litið á þá sem ágóða­hlutdeild í skilningi áður nefndra ákvæða laganna.